

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Frakkastígsreitur, 1.172.1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 13. febrúar 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðarinnar nr. 8 við Frakkastíg. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og færslu á byggingarmagni innan lóðar. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bergþórugata 14A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 20. febrúar 2015 breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts vegna lóðarinnar nr. 14A við Bergþórugötu. Í breytingunni felst enduruppbygging þaks með hækkun mænis, byggingu kvista á norður- og suðurhlið hússins ásamt byggingu svala á suðurhlið. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 35-37.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 27. febrúar 2015, breytingu á deiliskipulagi reits 1.219 vegna lóðarinnar nr. 37 við Borgartún. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir tölvukælikerfi vestan við húsið á 1. hæð. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 2. mars 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2015